

Ruusun matka

Höfundur texta og mynda: Marika Maijala (Finnlandi), Förlaget, 2018
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2019.


Söguþráður: Rosie er veðhlaupahundur sem finnst mjög gaman að hlaupa. Hana dreymir um að hlaupa út í frelsið. Einn góðan veðurdag ákveður hún að hlaupa áfram þótt keppninni sé lokið. Hún hleypur gegnum líflegar götur, græna almenningsgarða og dimma skóga. Að lokum kemur hún á rólegan stað þar sem engum liggur á. Þar eignast hún tvo nýja vini sem hún getur hlaupið með áfram.

Efnisorð: einvera og einmanaleiki, sjálfstæði, að fylgja draumum sínum.

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Finnið þið hundinn Rosie?



ISBN 978-952-7486-50-4

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Í bókinni er lýst mörgum hljóðum í margs konar umhverfi: hvernig hljóma þau? Dæmi: „Þófar hundsins dynja á jörðunni“, „áhorfendur hrópa húrra“, „lest flautar“, „smáhestur hneggjar fullur löngunar“, „borgin urrar eins og stórt villidýr“. Hvernig eru hljóðin þar sem þú átt heima? Veljið opnu í bókinni og búið til hljóðlandslag saman.
3. Hefurðu einhvern tíma tekið þátt í keppni? Hvernig fannst þér það?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Ræðið hvaða dýr vilja helst vera ein og hvaða dýr vilja helst vera í hjörð. Hugsuð bæði um tamin dýr og villt, til dæmis ketti, úlfa, hunda og fugla. Hvers vegna vilja sum dýr vera ein á ferð en önnur vilja vera í hópi? Teiknaðu mynd af dýri sem vill vera eitt á ferð og aðra mynd af hjarðdýri.
2. Finnið öll dýrin í bókinni. Veltið fyrir ykkur og ímyndið ykkur hvað dýrin dreymir um. Vinnið saman í hópum eða hvert í sínu lagi. Veljið dýr og skrifið eða teiknið það sem dýrin dreymir um og hvar þau vildu helst vera.
3. Hver er uppáhaldsopnan þín í bókinni? Segðu vini þínum hvers vegna þér finnst þessi opna skemmtileg.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Í byrjun bókarinnar hleypur Rosie vegna þess að hún neyðist til að keppa og býr í búi. En hana dreymir um að hlaupa frjáls hvert sem hún vill. Ræðið:
a. Hvaða skyldum þarft þú að gegna (til dæmis hei-

ma hjá þér, í skólanum, í vinahópnum, í fjölskyldunni, í samfélaginu).

b. Hvað dreymir þig um að gera?

c. Búðu til myndasafn (sjá titilsíðuna) þar sem þú skrifar/teiknar skyldur þínar og drauma.

d. Veltið fyrir ykkur, tvö og tvö, hvernig draumar ykkur gætu ræst.

3. Í bókinni eru tvær heilsíðumyndir af Rosie, á annarri er hún veðhlaupahundur en á hinn frjáls hundur. Hvaða tilfinningum finnst þér myndirnar miðla?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Koira nimeltään Kissa (Hundur sem heitir köttur). Höfundar: Tomi Kontio og Elina Warsta

Mitt bottenliv. Höfundur: Linda Bondestam

Allan och Udo: Höfundar: Minna Lindeberg og Linda Bondestam.

MÁLAMOLI

"Hundur"

sænska

Hund

danska

Hund

norska

Hund

íslenska

Hundur

færeyska

Hundur

grænlenka

Qimmeq

finnska

Koira

norðursamíska

Beana

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)